

Viðtakandi á útsendingalista



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. október 2010
Tilvísun: UST20100200033/hrm

Tilkynning í flokkunar- og merkingaskrá

Nú styttist í að ný reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna taki gildi. Með reglugerðinni mun eiga sér stað grundvallarbreyting á ábyrgð með flokkun efna á markaði þegar hún færist frá yfirvöldum til atvinnulífsins. Lykilatriði í því sambandi er tilkynning í flokkunar- og merkingaskrá sem er á ábyrgð þeirra sem setja efni á markað á Evrópska efnahagssvæðinu hvort sem það er eitt og sér eða hluti af blöndu. Umhverfisstofnun áformar að senda bréf til allra þeirra fyrirtækja sem eiga í hlut til að kynna þeim þessar kröfur.

Á þessum tímapunkti leggur Umhverfisstofnun höfuðáherslu á að íslensk fyrirtæki ræki skyldur sínar við að flokka efni samkvæmt nýjum reglum og tilkynni þegar það á við til Efnastofnunar Evrópu í Helsinki. Tímamörkin eru 3. janúar 2011 fyrir vörur sem eru á markaði 1. desember 2010. Stofnunin óskar hér með eftir hugmyndum um efni á ráðstefnu sem Umhverfisstofnun áformar að halda af þessu tilefni. Reglugerðin hefur enn ekki öðlast gildi en það er ljóst að hafa verður hraðar hendur ef kynna á reglurnar fyrir hlutaðeigandi aðila.

Kynningarherferð Umhverfisstofnunar beinist sérstaklega að innflytjendum sem flytja inn vörur frá löndum utan EES. Staðan á Íslandi miðað við önnur lönd þegar kemur að fyrirtækjum sem þurfa að tilkynna er sú að mörg viðkomandi fyrirtækja hér eru afar smá með litla þekkingu á eðli og eiginleikum þeirra vara sem verið er að flytja inn. Vörur sem koma frá Bandaríkjunum koma í mörgum tilfellum frá framleiðendum sem einblína á heimamarkað og erfiðlega getur gengið að afla upplýsinga um sem eru lögbundnar í EES ríkjum. Það er mikilvægt að innflytjendur átti sig á því að þeir geta nálgast upplýsingar um einstök innihaldsefni í vörum frá birgja eða framleiðanda og því er í fæstum tilfellum þörf að leggja út í mikla vinnu við tilkynningu.

Á næstunni mun Umhverfisstofnun mun leggja áherslu á að kynna grunnatriði við flokkun efna út frá eiginleikum þeirra, upplýsingar sem koma eiga fram í tilkynningu og tæknileg atriði varðandi tilkynningu. Efni sem sérstaklega er óskað eftir fyrir ráðstefnu varðar þekkingu og reynslu sem getur nýst fyrirtækjum við að flokka efni og tilkynna til Efnastofnunarinnar. Óskir þurfa að berast stofnuninni fyrir 15. október.

Áformað er að ráðstefnan verði haldin í kringum næstu mánaðamót.

Virðingarfyllst

Haukur Magnússon
Haukur Magnússon
sérfræðingur